

SAMSTARFSSAMNINGUR

Með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gera sveitarfélög á Norðurlandi eystra með sér svofelldan samstarfssamning um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits.

1. grein

Aðild að samstarfssamningnum eiga:

Aðaldælahreppur	Akureyrarbær	Arnarneshreppur
Dalvíkurbyggð	Eyjafjarðarsveit	Fjallabyggð
Grimseyjarhreppur	Grýtubakkahreppur	Hörgárbygg
Langesbyggð	Norðurþing	Skútustaðahreppur
Svalbarðshreppur	Svalbarðsstrandahreppur	Tjörneshreppur
Þingeyjarsveit		

2. grein

Heilbrigðisnefnd skal skipuð á aðalfundi Eypings að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtími hennar fjögur ár eða þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Í heilbrigðisnefnd eiga sæti sex menn.

Aðalfundur skipar fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt eftirfarandi tilnefningu: Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir tvo aðalmenn, þar af formann, og tvo varamenn. Aðrar sveitarstjórnir í Eyjafirði tilnefna einn aðalman og einn varamann. Sveitarstjórn Norðurþings tilnefnir einn aðalman og einn varamann. Aðrar sveitarstjórnir í Þingeyjarsýslum tilnefna einn aðalman og einn varamann. Samtök atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu skipa einn aðalman í nefndina og einn til vara.

3. grein

Heilbrigðisnefnd starfar samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með áorðnum breytingum eftir því sem við á og samkvæmt samstarfssamningi þessum og sérstöku erindisbréfi sem sveitarstjórnir setja henni.

Heilbrigðisnefnd skal ráða framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og heilbrigðisfulltrúa.

Sveitarstjórnir setja þeim starfslýsingar að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar. Aðsetur heilbrigðiseftirlitsins skal vera á Akureyri og Húsavík.

4. grein

Heilbrigðisnefnd semur fjárhagsáætlun fyrir starfsemi heilbrigðiseftirlitsins fyrir næsta reikningsár, sem er almanaksárið. Fjárhagsáætlun skal skipta í rekstrar- og eignabreytingaáætlun. Í rekstraráætlun skulu tilgreindar rekstrartekjur og rekstrargjöld. Í eignabreytingaáætlun skulu tilgreindar allar áætlaðar eignabreytingar svo sem fjárfestingar, sala eigna, lántökur og afborganir.

Fjárhagsáætlun skal senda sveitarstjórnnum til umfjöllunar eigi síðar en 1. ágúst. Sveitarstjórn telst samþykkt fjárhagsáætlun hafi athugasemd ekki verið gerð fyrir 1. nóvember.

Fjárhagsáætlun er samþykkt þegar sveitarstjórnir sem bera 2/3 útgjalda hafa fallist á hana.

Fjárhagsáætlun skal lögð fyrir aðalfund Eypings til umfjöllunar.

Samþykkt fjárhagsáætlun er fjárhagslegur starfsrammi heilbrigðisnefndar og skal tekjuöflun og ráðstöfun fjár vera í samræmi við hana.

5. grein

Með fjárhagsáætlun lætur heilbrigðisnefnd sveitarfélögum í té lista yfir eftirlitsskylda starfsemi í hverju sveitarfélagi ásamt gjaldskrá sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998. Hverri sveitarstjórn er heimilt að leggja á og innheimta eftirlitsgjöld.

Mögulegar tekjur sveitarfélaga samkvæmt gjaldskrá, sem sett er fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, skulu renna til heilbrigðiseftirlitsins og færðar til tekna í fjárhagsáætlun hvers árs.

Það sem á vantar að eftirlitsgjöld nægi fyrir útgjöldum skal jafnað milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúatölu þeirra næstliðinn 1. desember, sbr. 1. mgr. laga nr. 7/1998.

6. grein

Heilbrigðisnefnd sér um innheimtu framlaga sveitarfélaganna og annarra tekna, greiðslu reikninga og reikningsskil. Hún sér um að afhenda bókhaldsgögn uppfærð og afstemmd í hendur löggilts endurskoðanda sem hún ræður.

Heimilt er að ráða sérstakan aðila til að sjá um fjárreiður og bókhald.

Heilbrigðisnefnd skal senda sveitarstjórnnum endurskoðaðan og áritaðan reikning til umfjöllunar fyrir 1. maí ár hvert.

Hafi sveitarstjórn eigi gert athugasemd við reikninginn fyrir 1. júní telst hún samþykkt honum. Þegar sveitarstjórnir sem bera 2/3 útgjalda hafa samþykkt ársreikning telst hann staðfestur.

7. grein

Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins og ársreikningur skal lagður fram til umræðu á aðalfundi Eypings.

8. grein

Sveitarstjórn getur óskað eftir fundi með heilbrigðisnefnd til að ræða rekstur og starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Komi fram slík ósk skal orðið við henni innan tveggja vikna.

Samning þennan skal taka til endurskoðunar ef eitthvert sveitarfélag óskar þess.

9. grein

Samningur þessi tekur gildi 1. september 2002 og kemur í stað samstarfssamnings, sem samþykktur var á aðalfundi Eypings 4. september 1998.

Þannig samþykkt á aðalfundi Eypings 31. ágúst 2002 og með breytingum á 1. og 2. grein 23. september 2006.